

## **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.**

Háttvirt menntamálanefnd Alþingis

Í athugasemdum þeim sem fylgja með frumvarpinu koma fram helstu ástæður þess að nauðsynlegt er talið að breyta núgildandi þjóðminjalögum. Undirritaður er sammála því að breytinga er þörf,- ekki síst hvað varðar starfssvið minjavarða.

Það er skilningur undirritaðs að minjaverðir eigi að halda áfram að sinna fornminjapætti minjavörslunnar, þó að umrætt frumvarp verði samþykkt og minjaverðir færast frá Fornleifavernd ríkisins yfir á Þjóðminjasafn Íslands. Aðkoma minjavarða að fornleifavörslunni myndi þá breytast þannig að í stað þess að vera sá aðili sem tekur ákvarðanir um aðgerðir í fornleifavörslu vegna framkvæmda sem gætu skaðað fornleifar, myndu þeir gera rökstuddar tillögur um aðgerðir. Tillögurnar væru sendar til Fornleifaverndar ríkisins, sem tæki ákvarðanir um aðgerðir á grundvelli þeirra. Fornleifaverndin gæti hafnað tillögu, krafist frekari upplýsinga eða samþykkt tillöguna með eða án einhverra breytinga. Minjaverðir hafa með þessu móti ekki endanlegt stjórnarsýsluvald um aðgerðir í fornminjavörslu og geta þar með tekið þátt í þeim aðgerðum sem Fornleifavernd ríkisins ákveður að nauðsynlegar séu, ef því er að skipta. Mikilvægt er að ofanritað ásamt öðrum þáttum er varða starfssvið minjavarða verði gerð góð skil í reglugerð, sb. 4. gr. Frumvarpsins. Að öðru leiti vísast hér til hugmynda um módel fyrir minjavörsluna, sem undirritaður ásamt minjavörðum Norðurlands vestra og Austurlands hafa sent menntamálanefnd.

## Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.


4.gr. Hér er m.a. lagt til að hæfiskilyrði minjavarða verði breytt. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir að þetta sé lagt til vegna breytts hlutverks minjavarða. Það er skilningur undirritaðs að fornleifavarsla verði áfram mikilvægur þáttur í starfi minjavarða þó umrætt frumvarp verðir samþykkt. Starfsvið minjavarða þrengdist við gildistöku nágildandi laga en frumvarpið gerir ráð fyrir að það breikki aftur og nágist fyrra horf. Hæfnikröfur minjavarða er það sama í nágildandi Þjóðminjalögum og Þjóðminjalögum frá 1989. Það er því órökrétt að minka hæfnikröfurnar og réttast að breyta þeim ekki.

5.gr. Auk þeirra breytinga sem frumvarpið leggur til í þessari grein telur undirritaður að gera ætti eftirtaldar breytingar.

Orðinu “Búsetulandslag” í lið a. verði sleppt. Engin skilgreining er til á hugtakinu “búsetulandslag” en samkvæmt orðsins hljóðan þá mætti skilgreina það sem landslag sem mótast hefur vegna búsetu og athafna manna. Samkvæmt þessari skilgreiningu væri t.d. breyting á gróðurfari vegna búsetu eða athafna manna “búsetulandslag”. Með þessu móti mætti rökstyðja að nánast allt landið væri búsetulandslag, e.t.v að frátöldum einhverjum söndum og jöklum. Skilgreining á því hvað teljist til fornleifa skv. Þjóðminjalögum hlýtur að teljast fullnægjandi þó þessu orði verði sleppt.

Undirritaður telur einnig til að sá aldur minja sem notaður er til að skilgreina fornleifar í síðustu málsgrein 9. gr. Þjóðminjalaganna sé óheppilegan. Með því að miða við 100 ár bætist fjöldi minja í hóp fornleifa á hverju ári. Brátt fara girðingastaurar, gaddavír og annað þess háttar að teljast til fornleifa. Í ljósi þessa og því að lögin gera jafnframt ráð fyrir því að heimilt sé að friðlýsa yngri minjar leggur undirritaður til að miðað verði við minjar sem eru eldri en ákveðið ártal, t.d. 1900.

Virðingarfyllst

  
Sigurður Bergsteinsson  
Mínjavörður Norðurlands eystra  
Aðalstræti 58  
600 Akureyri